



Íslenska Gámafélagið

Grænt bókhald 2018


Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnar.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda um takmarkaða endurskoðun á grænu bókhaldi	3
Starfssemi Íslenska Gámafélagsins.....	5
Umhverfisstefna	5
Starfsleyfi.....	6
Spilliefni	6
Hráefnis og auðlindanotkun – Lykiltölur	7
Magn sorps frá starfsemi Íslenska Gámafélagsins 2018	7
Orkunotkun 2018	7
Gufunes	7
Koparsléttu 22	7
Eldsneytisnotkun 2018	7

Yfirlýsing stjórnar

Stjórn Íslenska Gámafélagsins staðfestir hér með þær upplýsingar sem lagðar eru fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2018.

Reykjavík, 26. júní 2019


Einar Pjetursson


Þorvaldur Árnason

Áritun óháðs endurskoðanda um takmarkaða endurskoðun á grænu bókhaldi

Til stjórnar og hluthafa í Íslenska Gámafélaginu ehf.

Við höfum verið ráðin til að framkvæma takmarkaða endurskoðun á skýrslu um grænt bókhald fyrir árið 2018 fyrir Íslenska Gámafélagið ehf. Skýrsla um grænt bókhald skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald, hefur að geyma almennar upplýsingar og upplýsingar um hráefna- og auðlindanotkun, auk yfirlýsingar félagsins. Skoðun okkar takmarkast við tölulegar upplýsingar um hráefna- og auðlindanotkun sem koma fram í skýrslunni.

Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð skýrslu um grænt bókhald og vali á viðeigandi aðferðum við að útbúa skýrsluna og notkun forsenda og mats á einstaka liðum skýrslunnar sem eru viðeigandi við þær aðstæður. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu skýrslunnar, þannig að hún sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Yfirlýsing endurskoðanda varðandi óhæði og gæði

Við erum óháð Íslenska Gámafélaginu ehf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Innra gæðakerfi EY byggir á ISQC-1.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að gefa óháð álit á því hvort upplýsingarnar séu í samræmi við lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 revised „Assurance engagements other than audits or reviews of historical financial information“, útgefnum af IAASB. Samkvæmt honum ber okkur að skipuleggja og framkvæma skoðun okkar með það að markmiði að afla hæfilegrar vissu um að tölulegar upplýsingar um hráefna- og auðlindanotkun í skýrslu um grænt bókhald séu í samræmi við lög og reglugerðir.

Endurskoðunaraðgerðir byggðu á faglegu mati óháðs endurskoðanda. Í því sambandi voru m.a. eftirfarandi aðgerðir framkvæmdar:

- öfluðum skilnings á umhverfisstefnu félagsins og fyrirkomulagi efnisbókhalds
- fyrirspurnir til starfsmanna sem koma að færslu efnisbókhalds og gerð skýrslu um grænt bókhald
- kannað með úrtökum hvort tölulegar upplýsingar um hráefna- og auðlindanotkun sem gefnar eru upp séu í samræmi við efnisbókhald félagsins og frumgögn
- greiningaraðgerðir
- yfirlestur á drögum að skýrslu um grænt bókhald


Álit

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar um hráefna- og auðlindanotkun í skýrslu um grænt bókhald sé í öllum meginatriðum, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Ætluð not þessarar áritunar

Áritunin er gefin út á grundvelli verklýsingar milli aðila svo félagið geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar um grænt bókhald. Árituninni er ekki ætlað að gagnast þriðja aðila við fjárhagslega ákvörðunartöku. Ábyrgð okkar er eingöngu gagnvart Íslenska Gámafélaginu ehf., ekki þriðja aðila.

Reykjavík 15. júlí 2019



Ingunn H. Hauksdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Starfssemi Íslenska Gámafélagsins

Íslenska gámafélagið ehf. var stofnað 1999 en hefur vaxið og dafnað og nú starfa um 300 manns hjá fyrirtækinu víða um land.

Íslenska Gámafélagið er með höfuðstöðvar í Gufunesi í Reykjavík en er einnig með starfsstöðvar í Árborg, Reykjanesbæ, Akureyri, Reyðarfirði, Egilsstöðum og víðar.

Íslenska Gámafélagið býður upp á heildarlausn á sviði umhverfisþjónustu sem spannar alla þætti almennrar sorphirðu, flokkun og útflutning hráefna til endurvinnslu, ráðgjöf og fræðslu á sviði flokkunar og endurvinnslu til fyrirtækja, einstaklinga og sveitafélaga.

Starfsemin byggist að mestu leyti á sorphirðu og flokkun hjá fyrirtækjum og heimilum um allt land. Ferlið fer síðan eftir tegund úrgangsins hverju sinni, hvort um sé að ræða almennt óflokkað sorp sem sent er til urðunar eða endurvinnanlegt hráefni sem flokkað er í flokkunarstöðvum Íslenska Gámafélagsins og sent til endurvinnslu. Einnig sækir fyrirtækið lífrænan eldhúsúrgang, bæði á heimili í nokkrum sveitarfélögum og í fyrirtæki, og sér um jarðgerð á honum. Það hráefni sem Íslenska Gámafélagið sér ekki um úrvinnslu á er sent til annarra fyrirtækja sem sjá um að koma því í réttan farveg.

Í upphafi árs 2014 var spilliefnamóttaka standsett í höfuðstöðvum Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi. Þar eru flokkuð þau spilliefni sem koma inn á svæðið og þeim fundin réttur úrvinnslufarvegur. Árið 2012 fékk Íslenska Gámafélagið leyfi til að flytja út rafgeyma til endurvinnslu. Rafgeymar og önnur spilliefni eru geymd og meðhöndluð í samræmi við lögbundnar kröfur og skilyrði starfsleyfis.

Íslenska Gámafélagið vinnur samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og 14001.

Umhverfisstefna

Starfsmenn eru meðvitaðir um umhverfisáhrif fyrirtækisins og hafa kunnáttu, færni og metnað til að draga skipulega úr áhrifum þýðingarmestu umhverfisþáttanna, sem eru:

- Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda
- Efnanotkun og meðhöndlun spilliefna
- Almennur úrgangur

Þetta gerum við með því að:

- Starfa samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 og í samræmi við þau lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda
- Leita sífellt leiða til að gera betur í starfseminni
- Finna og þróa lausnir sem bæta árangur í umhverfismálum

Starfsleyfi

Vegna spilliefnamóttökunnar fellur Íslenska Gámafélagið undir fyrirtækjaflokkinn 5.1 – Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Starfsleyfi fyrir spilliefnamóttökunni féll úr gildi 1. nóvember 2017 og umsókn um nýtt starfsleyfi var send til Umhverfisstofnunar 16. júlí sama ár. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti fyrirtækinu tímabundna undanþágu frá starfsleyfi þar til að nýtt starfsleyfi hefur verið veitt en þó eigi lengur en til 1. maí 2019.

Leyfi til að taka á móti úrgangi til endurvinnslu og flutning á úrgangi og spilliefnum var gefið út af Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar þann 8. júní 2010 og gildir til 8. júní 2022. Einnig starfar fyrirtækið undir starfsleyfum frá heilbrigðiseftirliti frá mismunandi landssvæðum.

Spilliefni

Í starfsleyfi kemur fram að skrá skuli umhverfis- og rekstrarþætti sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið.

Heildarmagn spilliefna sem Íslenska Gámafélagið tók á móti á árinu voru um 485 tonn. Mesta þyngdin var í rafgeymum og rafhlöðum eða rúm 337 tonn.

Engin mengunaróhöpp urðu á árinu.

Hráefnis og auðlindanotkun – Lykiltölur

Magn sorps frá starfsemi Íslenska Gámafélagsins 2018

Úrgangsflokkur	Magn (kg)
Almennt sorp, urðun	6.520
Grænt efni til endurvinnslu	1.040
Bylgjupappi til endurvinnslu	1.600
Lífrænn úrgangur til jarðgerðar	2.250

Orkunotkun 2018

Þar sem ÍGF stendur nú í flutningum á höfuðstöðvum frá Gufunesi til Esjumela hefur dregið úr orkunotkun í Gufunesi frá fyrri árum, þar sem færri byggingar eru nú undir starfsemi fyrirtækisins. Heildarnotkun hefur einnig dregist saman, en það skýrist af færri og betur nýttum húsum og nákvæmari mælingum á orkunotkun. Reykjavíkurborg sér nú um mælingar á köldu vatni í Gufunesi og eru ekki til upplýsingar um notkun þess.

Gufunes

Rafmagn (kWst)	688.042
Kalt vatn (m ³)	Ekki vitað
Heitt vatn (m ³)	43.338

Koparslétta 22

Rafmagn (kWst)	111.597
Kalt vatn (m ³)	640
Heitt vatn (m ³)	20.865

Eldsneytisnotkun 2018

Metan(m ³)	67.325
Bensín (l)	29.234
Díselolía (l)	1.352.617
Lituð díselolía (l)	209.421
Lífdísel (l)	34.000